



Framsókn

**Innviðir, samgöngu- og
sveitarstjórnarmál, húsnæðis og
skipulagsmál og fjarskipti**

Stefna Framsóknar

Samþykkt á 37. Flokkspingi Framsóknar

2024

Efnisyfirlit

1. Samgöngur	3
1.1. Vegakerfið	3
1.2. Jarðgöng	4
1.3. Höfuðborgin	4
1.4. Fjármögnun	4
1.5. Almenningsamgöngur/grænni samgöngur	5
1.6. Flugvellir	5
1.7. Hafnir	6
2. Sveitarstjórnarmál	6
2.1. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga	7
2.2. Samþætting þjónustu	7
2.3. Íbúalýðræði	7
3. Byggðamál	7
3.1. Fjárfestum í landsbyggðunum	8
3.2. Opinber störf á landsbyggðunum	8
3.3. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu	8
3.4. Nýsköpun og frumkvöðlastarf	8
3.5. Uppbygging ferðamannastaða	9
3.6. Rekstrarumhverfi fjölmiðla á landsbyggðunum	9
3.7. Aðgengi að lánsfjármagni	9
3.8. Vatns- og orkuöryggi	9
3.9. Greining svæðisbundinna styrkleika	9
3.10. Fiskeldi	9
3.11. Skattar og gjöld renni til nærsamfélaga	10
3.12. Brothættar byggðir	10
4. Húsnæðis- og skipulagsmál	10
4.1. Húsnæðisstefna	10
4.2. Húsnæðisöryggi	10
4.3. Almenna íbúðakerfið	11
4.4. Aukið framboð á húsnæði	11
5. Fjarskipti og stafrænir innviðir	11
5.1. Stafræn þróun	11
5.1. Fjarskiptaöryggi	12
5.2. Ísland fulltengt	12
5.3. Fjarskiptaöryggi á þjóðvegum	12

1. Samgöngur

Góðar samgöngur eru undirstaða í uppbyggingu byggða um allt land og liður í því að tryggja jafnan rétt til búsetu og atvinnusköpunar. Um land allt hefur umferð á þjóðvegum aukist verulega sem rekja má til aukinnar ferðaþjónustu, fiskeldis og búsetubreytinga fólks. Þjónusta í vegakerfinu er grundvöllur þess að fólk geti búið sér heimili þar sem það helst kýs sem og heilsársferðamennsku hér á landi. Með Framsókn í fararbroddi hefur á síðustu árum verið fjárfest í samgöngum af meiri krafti en áður. Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað á svæðum sem höfðu setið eftir um langt skeið og miklar framfarir orðið á umferðabyngstu köflum hringvegarins. Framsókn leggur áherslu á að haldið sé áfram með uppbyggingu öflugra og öruggra samgönguinnviða sem leggja grunn að bættum lífsgæðum. Mikilvægt er að endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins tryggi nægt fjármagn til að standa undir þeirri fjárfestinga- og viðhaldsþörf sem fyrirsjáanleg er á næstu árum.

Samgönguáætlun til fimmtán ára er mikilvægur hluti af samhæfðri stefnu í samgöngu-, fjarskipta- og byggðamálum og málefnum sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að sú áætlun sé raunhæf og endurspegli vel forgangsmál landshlutanna. Þá er mikilvægt til að sátta ríki um samgönguáætlun að ráðist sé fljótt og örugglega í þær aðgerðir sem kynntar eru.

1.1. Vegakerfið

Greiðar samgönguleiðir eru lífæð búsetu í landinu. Framsókn vill halda áfram að bæta og efla þær, enda aðkallandi uppbygging á mörgum stöðum á landinu sem brýnt er að ráðast í á komandi árum. Umferðaralag á vegum landsins hefur aukist gríðarlega undanfarnin ár og þrátt fyrir að framlög til vegakerfisins hafi verið aukin verulega er ljóst að það er engan veginn nóg.

Á sama tíma og auka þarf framlög til úrbóta á þjóðvegakerfi landsmanna er jafnframt mikilvægt að verja þær fjárfestingar skemmdum, sem lagt hefur verið í á undanförunum áratugum. Mikilvægt er að flýta arðbærum samgönguverkefnum sem hafa þjóðhagslegan ávinning í för með sér og beinan ábata fyrir vegfarendur. Einnig þarf að verja meira fé til vetrarþjónustu, svo vegir landsins nýtist bæði íbúum og atvinnulífi allt árið um kring. Til að tryggja eðlilegan rekstur og nýtingu fjármuna þarf að hraða vinnu við endurskoðun á vinnureglum vetrarþjónustu og fjármagna innleiðingu þeirra.

Framsókn vill að öryggi vegfarenda þjóðvega landsins sé tryggt. Umferðaröryggi á að vera leiðarljós í öllu viðhaldi vega og nýframkvæmdum, m.a. með því að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegum og skilja að akstursstefnur á umferðabyngstu vegköflum landsins. Eftirlit og öflug löggæsla bætir sömuleiðis öryggi vegfarenda. Þá þarf enn að bæta farsímasamband á þjóðvegum umtalsvert enda er það einnig mikilvægur öryggisþáttur.

Framsókn leggur sömuleiðis áherslu á að fækka malarvegum og stytta vegalengdir milli byggða. Slíkar aðgerðir munu efla atvinnusvæði um allt land, stuðla að fækkun slysa og um leið draga úr þeim mikla kostnaði sem þau valda samfélaginu. Þá dregur stytting leiða og aukið bundið slitlag úr umhverfisáhrifum samgangna og kostnaði vegfarenda vegna slits ökutækja, eldsneytis og tíma.

1.2. Jarðgöng

Jarðgöngin á Íslandi eiga það sameiginlegt að vera lykilþáttur í að treysta búsetuskilyrði um land allt og veita umferð fram hjá hættulegum og óáreiðanlegum fjallvegum. Framsókn vill ljúka við uppbyggingu mikilvægustu jarðganga landsins á næstu 30 árum þannig að lágmarki verði tvenn jarðgöng í framkvæmd á hverjum tíma. Tækniframfarir verði nýttar til fullnustu til að hraða uppbyggingu.

1.3. Höfuðborgin

Greiðar, skilvirkar, hagkvæmar og öruggar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu auka lífsgæði, stuðla að auknu umferðaröryggi og leggja grunninn að kolefnislausu borgarsamfélagi. Með samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sameinuðust ríki og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarsýn og markmið fyrir samgöngur á svæðinu, og m.a. er unnið að því að bæta innviði fyrir Borgarlínu og almenningssamgöngur.

Framsókn vill að áfram sé stefnt að því að á næstu 15 árum verði ráðist í einar umfangsmestu samgönguframkvæmdir sögunnar, til að flýta fyrir úrbótum á höfuðborgarsvæðinu. Ný Sundabraut verður stórkostleg samgöngubót sem styttr leiðir, losar um umferðarhnúta og mun hafa í för með sér mikinn samfélagslegan ávinning. Framkvæmdir verði hafnar árið 2026 og brautin tekin í notkun árið 2031.

1.4. Fjármögnun

Ljúka þarf mótun framtíðarstefnu um fjármögnun vegakerfisins og huga að jafnræði í gjaldtöku. Fyrstu skref hafa verið tekin í endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins af ökutækjum og umferð en tekjur af hefðbundnum tekjustofnum hafa dregist verulega saman vegna orkuskipta. Mikilvægt er að mæta þeirri viðhaldsskuld sem er í vegakerfinu og fjárfestingarþörf sem fyrirsjáanleg er á næstu árum. Þá er einnig mikilvægt að tryggja sveigjanleika og að hægt verði að flýta arðsömum framkvæmdum um land allt.

Framsókn leggur áhersla á að koma á samvinnu milli einkaaðila og hins opinbera við uppbyggingu innviða og tryggja þannig að þjóðhagslegur ábati þeirra skili sér hraðar en ella. Nýta ber kosti þess að vinna stærri samgönguframkvæmdir sem samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila og/eða leita til lífeyrissjóða eftir lánsfé, sem um leið myndi veita lífeyrissjóðakerfinu trygga ávöxtun til langs tíma. Þau samvinnuverkefni sem hingað til hafa verið til skoðunar eiga það sameiginlegt að skapa mikinn samfélagslegan ábata með styttri ferðatíma.

1.5. Almenningsamgöngur/grænni samgöngur

Framsókn vill ýta undir notkun vistvænna ferðamáta. Draga þannig úr umhverfisáhrifum samgangna og um leið draga úr álagi á samgöngumannvirki og kostnaði samfélagsins vegna viðhalds og rekstrar. Framsókn styður öflugar og skilvirkar almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, í dreifbýli og á milli landshluta og þéttbýlisstaða. Einkum þarf að huga betur að tengingum á milli mismunandi ferðamáta almenningssamgangna, þ.m.t. tengingar við innanlandsflugvelli og hafnir sem sinna ferjusiglingum. Traust ferjuþjónusta hefur mikil áhrif á búsetuskilyrði og því þarf að huga vel að höfnum, bryggjum og endurnýjun á ferjum í samræmi við ferjuáætlun.

Almenningssamgöngur þurfa að vera raunverulegur valkostur fyrir íbúa um allt land. Þar við bætist þörf annarra ferðamáta, s.s. göngu, hjóleiða og rafhlaupahjóla, sem útlit er fyrir að muni halda áfram að vaxa. Bættir göngu- og hjólastígar eru til þess fallnir að hvetja til virkra ferðamáta, draga úr bílaumferð og bæta almenna lýðheilsu.

Stefnumótun í samgöngumálum bæði í þéttbýli og dreifbýli þarf að taka mið af nýjum lausnum, svo sem deiliahagkerfi ólíkra ferðamáta.

Framsókn vill fara í stóratök í uppbyggingu hraðhleðslustöðva og hleðslustöðva um land allt til að hraða enn frekar orkuskiptum í samgöngum á landi. Slík uppbygging er einn af lykilþáttum til að ná loftslagsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar og er mikilvæg fyrir ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar. Styrkja þarf flutnings- og dreifikerfi til að tryggja grænni samgöngur.

Framsókn fagnar því að Loftbrúin hefur náð markmiðum sínum um að bæta aðgengi íbúa á landsbyggðunum að miðlægri þjónustu og styrkja byggðir. Loftbrúarverkefnið þarf að efla enda er innanlandsflug einn hlutinn af almenningssamgöngum.

1.6. Flugvellir

Framsókn vill halda áfram að styrkja og efla innanlandsflugvelli, fjölga tækifærum í ferðaþjónustu og skapa atvinnu heima fyrir. Með aukinni flugumferð á síðustu árum er mikilvægt að flugvellirnir á Akureyri og Egilsstöðum geti þjónað sem alþjóðaflugvellir, bæði til að opna fleiri gáttir inn í landið og svo þeir geti verið varavellir Keflavíkurflugvallar.

Framsókn fagnar byggingu nýrrar flugstöðvar á Akureyri. Varaflugvallagjaldið hefur aukið til muna svigrúm til að ráðast í mikilvægar framkvæmdir á varaflugvöllunum á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Þannig verða þessir flugvellir betur í stakk búnir til sinna hlutverki sínu sem mikilvægar gáttir inn í landið og stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið.

Þá þarf að auka framlög til framkvæmda og viðhalds flugvalla um land allt. Sjúkraflug hefur aukist verulega á síðustu árum og er orðinn lykilþáttur í heilbrigðiskerfi landsbyggðanna. Öryggishlutverk innanlandsflugvalla er því orðið mun mikilvægara

en áður og brýnt að þeim sé viðhaldið. Einnig þarf að tryggja að viðeigandi búnaður sé tiltækur svo þeir geti þjónað hlutverki sínu sem slíkir.

Á meðan ekki kemur fram raunhæfur og jafn hentugur kostur, þá er Reykjavíkflugvöllur óumdeilanlega miðstöð innanlands- og sjúkraflugs. Framsókn leggur áherslu á að flugstöðin verði endurnýjuð sem fyrst til að bæta þjónustu við flugfarþega.

Greiðar samgöngur til og frá landinu sem og innan þess eru lykilatriði fyrir einstaklinga og atvinnulífið. Fylgja þarf eftir heildarstefnu fyrir allt landið um uppbyggingu innviða fyrir flugsamgöngur. Stefnu sem kveður á um hvar eigi að vera flugvöllir, hvernig þeir eigi að vera búnir og hverju þeir eigi að geta þjónað. Gildir einu hvort um er að ræða innanlandsflugvelli, millilandaflugvelli eða varaflugvelli. Með þessari stefnu þarf að fylgja áætlun um uppbyggingu og viðhald í samræmi við hana.

1.7. Hafnir

Mikið átak hefur verið gert í uppbyggingu hafna, enda gegna þær lykilhlutverki í verðmætasköpun. Hafnsæknir atvinnuvegir eru í miklum vexti og halda þarf áfram að efla og dýpka hafnir til að mæta breyttum kröfum vegna stærri skipa og auknum umsvifum. Framsókn leggur áherslu á mikilvægi þess að styðja við þennan málaflokk og vinna áfram að því að fjármagna stórar framkvæmdir.

Mikilvægt er að endurnýja og styrkja sjóvarnir, sem víða eru orðnar gamlar og mikil þörf á endurbyggingu.

Eitt af þeim verkefnum sem unnið er að í tengslum við aðgerðir í loftslagsmálum eru orkuskipti í haftengdri starfsemi. Styðja þarf áfram við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í ferjum og höfnum. Árangur hefur náðst í þessum efnum en betur má ef duga skal. Sé horft til umhverfisvænni áherslna er einnig þarft að greina betur hagkvæmni vöruflutninga á sjó miðað við flutninga á landi.

2. Sveitarstjórnarmál

Framsókn telur að með öflugum sveitarfélögum sé lagður grunnur að nauðsynlegri valddreifingu og því mikilvægt að sveitarfélögin sinni veigamiklu hlutverk í nærþjónustu við íbúa, ásamt því að tilsvarendi tekjustofnar fylgi. Miklu má áorka með eflingu sveitarstjórnarstigsins til að valda þeim verkefnum sem því eru falin. Styðja á markvisst við sameiningu sveitarfélaga, enda sé markmiðið að skapa sterkari stjórnsýslueiningar.

Meginmarkmiðið sé að sveitarfélög á Íslandi verði öflugur vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og að sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga sé virt og að tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Framsókn leggur áherslu á að sveitarfélögin á Íslandi séu sjálfbærar staðbundnar stjórnsýslueiningar sem ráða vel við sín hlutverk, ásamt því að vera ein meginstöð velferðar íbúanna.

Mikilvægt er að sveitarfélög hafi ávallt nægilegan styrk til að takast á við áskoranir framtíðarinnar, svo sem aukna sérhæfingu, breytta aldurssamsetningu, búferlaflutninga, tæknibreytingar, þróun á sviði umhverfis- og loftslagsmála, þjónustu í þágu farsældar barna, lýðheilsumál o.fl. Þá þarf að styðja sveitarfélögin enn frekar í að taka á móti nýjum íbúum og stuðla að því að þeir komist sem fyrst á vinnumarkað og fái atvinnu við hæfi, t.d. með bættu aðgengi að raunfærnimati og auknum tækifærum erlendra starfsmanna til sí- og endurmenntunar.

Mikilvægt er að tryggja fjárhagslega og rekstrarlega getu sveitarfélaga til að standa til lengri tíma undir lögbundinni þjónustu við íbúana, innviðauppbýggingu og öðrum brýnum viðfangsefnum nærsamfélagsins. Fjármögnun sveitarfélaga stuðli að hagkvæmu skipulagi sveitarstjórnarstigsins og góðri nýtingu opinberra fjármuna.

2.1. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga

Endurskoða þarf tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að þau fái fjármagn til að takast á við lögmælt verkefni og til að sinna nærþjónustu við íbúa. Tekjustofnar endurspegli raunverulegan kostnað við veitingu þjónustu. Staðið verði við kostnaðarmat við ný lög og þingsályktunartillagna og að tekjustofnar fylgi með. Mikilvægt er að meta áhrif lagasetninga á sveitarfélög.

2.2. Samþætting þjónustu

Það á að vera gott að eldast á Íslandi. Gera þarf aukið átak í að samþætta eða samtvinna heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir aldraða, milli sveitarfélaga og ríkis, þannig að sem best sé staðið að hverjum þjónustupætti og aldraðir geti lengur notið lífsins á eigin heimili.

2.3. Íbúalýðræði

Framsókn telur mikilvægt að styrkja lýðræðislega þátttöku íbúa, m.a. með auknu íbúalýðræði. Mikil gerjun er á því sviði meðal annars með auknum fjölda hverfisungmenna-, öldunga- og nýbúaráða þar sem leitast er við að virkja ákveðna hópa til þátttöku og framhald þarf að verða á þeirri þróun.

Leita þarf leiða til að fá íbúa til að taka þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun fyrir nærsamfélagið. Þátttaka í sveitarstjórnarmálum gefur hinum almenna íbúa tækifæri til að hafa áhrif á sitt nærumhverfi. Því er mikilvægt að huga vel að starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa, breyta þeim og bæta þar sem þörf er á.

3. Byggðamál

Framsókn setur byggðamál í öndvegi og leggur áherslu á jafnrétti óháð búsetu. Taka þarf tillit til byggðasjónarmiða þvert á öll málefnasvið. Framsókn vill jafna búsetuskilyrði með fjölbreyttum aðgerðum og að viðurkennt verði að hagsæld þjóðarinnar til lengri tíma litið sé undir því komin að viðhalda fjölbreyttum samfélögum í dreifbýli og þéttbýli um land allt. Jafnframt er Framsókn fylgjandi sérstökum

ívilnunum fyrir fyrirtæki og einstaklinga í landsbyggðunum, sem hafa það að markmiði að efla byggð og jafna aðstöðumun.

3.1. Fjárfestum í landsbyggðunum

Framsókn vill nota skattkerfið til að jafna aðstöðu fólks á landsbyggðunum ásamt því að styðja betur við rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þannig er skattkerfið notað til að fjárfesta í fólki og hvetja til fjölbættari verðmætasköpunar. Skapa þarf hvata til að laða ungt fólk að til þess að setjast að um land allt. Beita á námslána- og skattkerfinu sem hvata fyrir atvinnu og búsetu í dreifðum byggðum landsins, eins og lög um Menntasjóð heimila.

3.2. Opinber störf á landsbyggðunum

Framsókn vill fjölga opinberum störfum um allt land með því að efla opinberar stofnanir á landsbyggðunum, flytja sérhæfð störf eða efla tækifæri til að vinna störf án staðsetningar. Ráðuneyti og stofnanir ríkis taki virkan og aukinn þátt í að jafna aðstöðumun milli landsvæða með óstaðbundnum störfum þar sem það á við. Árangur sé mældur reglulega út frá auglýstum óstaðbundnum opinberum störfum og þeim fjölda starfa sem ráðið er í utan höfuðborgarsvæðisins. Þá er mikilvægt að byggðir séu klasar í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs út um landið til að tryggja betur framgang hugmyndafræðinnar um störf án staðsetningar. Góð aðstaða og aðbúnaður styðja mjög við það markmið að störf á vegum hins opinbera og einkaaðila verði til á landsbyggðunum. Einnig getur aukin samvinna stofnana og fyrirtækja stutt við þetta markmið, t.a.m. með samnýtingu á vinnurými.

3.3. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Framsókn vill jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðunum og að meiri sérfræðiþjónusta sé veitt í heimabyggð. Það þarf að efla utanspítalþjónustu og sjúkraflutninga á landsbyggðunum og styrkja þær stofnanir sem fyrir eru, þannig að þær geti áfram veitt íbúum góða þjónustu. Einnig þarf að hraða uppbyggingu fjarheilbrigðisþjónustu, með því að nýta tækni og stafrænar lausnir, og tryggja hagstæða samninga sjúkratrygginga við sérfræðilækna, með það fyrir augum að fækka dýrum ferðum fólks milli landshluta í leit að þjónustu.

3.4. Nýsköpun og frumkvöðlastarf

Framsókn vill auka rannsóknavirkni, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðunum og fjölga tækifærum fyrir atvinnuskapandi frumkvöðlastarf um allt land. Þá þarf að tryggja gott framboð og aðgengi að háskólanámi, m.a. með fjar- og dreifnámi. Þar hefur Háskóli Íslands hlutverki að gegna, verandi stærsti háskóli landsins með mesta fjölbreytni í námsframboði. Nýsköpun er lykill bæði að aukinni verðmætasköpun og bættri auðlindanýtingu. Með skynsamlegri nýtingu auðlinda tryggjum við best jafna byggð um landið.

3.5. Uppbygging ferðamannastaða

Tryggðir verði fjármunir til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða um land allt, þar sem jafnvægi ríki á milli hagnýtingar, samfélagslegs ávinnings og verndunar náttúru. Stutt verði við uppbyggingu fluggátta til landsins um Akureyrar- og Egilsstaðaflogvöll og þannig stuðlað að jafnari dreifingu ferðamanna um landið, auk þess að mæta þörf fyrir varaflugvelli í landinu.

3.6. Rekstrarumhverfi fjölmiðla á landsbyggðunum

Mikilvægt er að gripið verði til aðgerða til þess að styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins. Staðbundnir fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum um samfélagsmál og styðja með þeim hætti við lýðræðispáttöku.

3.7. Aðgengi að lánsfjármagni

Aðgangur atvinnulífsins á landsbyggðunum að lánsfjármagni þarf að vera greiðari en nú er og aðgangur einstaklinga að fjármagni til byggingar íbúðarhúsnæðis og endurnýjunar þess. Auka þarf hvata til nýbygginga um allt land og einfalda regluverk.

3.8. Vatns- og orkuöryggi

Geta sveitarfélaga og fyrirtækja til orkuskipta, öflugir orkuinnviðir og örugg orkuafhending um allt land er byggðamál. Raforkuöryggi er ennþá skert víða um landið. Hraða þarf uppbyggingu á flutningskerfi raforku með sérstaka áherslu á þau landsvæði sem búa við skert afhendingaröryggi í samræmi við gildandi áætlun stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Ljúka þarf lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns um land allt. Einnig þarf að kortleggja betur nýtingasvæði neysluvatns með áherslu á vatnsöryggi. Framsókn vill að orkukostnaður verði jafnaður að fullu og jöfnun orkukostnaðar (dreifikostnaður raforku) verði fest í sessi til framtíðar. Gera þarf greiningu á mismunandi leiðum og útfærslum.

3.9. Greining svæðisbundinna styrkleika

Framsókn vill að greindir verði styrkleikar einstakra svæða og unnið með þá og gætt að samspili þéttbýlis og dreifbýlis í þeim tilgangi að byggja upp fjölbreytt og sjálfbær byggðarlög. Styrkja þarf vinnusóknarsvæði og þjónustukjarna í hverjum landshluta. Í því felst m.a. að móta, og vinna eftir, stefnu þar sem hlutverk Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins verði skilgreint annars vegar og hlutverk Akureyrarsvæðisins í byggðapróun í landinu hins vegar.

3.10. Fiskeldi

Starfsemi fiskeldis hefur hleypt nýjum krafti í byggðir sem áður stóðu höllum fæti með auknum tekjum og fjölgun íbúa. Framsókn vill áframhaldandi stuðning við uppbyggingu fiskeldis. Regluverkið þarf að vera skýrt og gæta þarf vel að umhverfisáhrifum starfseminnar með virku eftirliti, rannsóknum og aðkomu vísindamanna á viðeigandi sviðum. Mikilvægt er að regluverk um fiskeldi verði endurskoðað til að tryggja

sanngjarna gjaldtöku fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum. Skipting þeirra tekna milli ríkis og sveitarfélaga verði sanngjörn.

3.11. Skattar og gjöld renni til nærsamfélaga

Gjöld og skattlagning tengd sjávarútvegi og fiskeldi eru í einhverjum skilningi landsbyggðarskattur og því þarf að tryggja að tekjurnar skili sér aftur til nærsamfélaga, t.d. í formi byggða- og atvinnuþróunarverkefna. Þá er mikilvægt að skapa nýja skattalega umgjörð svo ávinningur vegna orkuframleiðslu, og annarrar auðlindanýtingar, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.

3.12. Brothættar byggðir

Framsókn vill beita fjárhagslegum hvötum til að bæta aðgengi að þjónustu við íbúa á skilgreindum brothættum svæðum á landsbyggðunum, til að jafna aðstöðumun. Þá er mikilvægt að styðja áfram við verkefnið Brothættar byggðir, með það fyrir augum að auka viðnámsþrótt byggðarlaganna og getu til að takast á við áskoranir. Byggðarlög sem hafa tekið þátt í verkefninu mega ekki gleymast í því samhengi, þegar formlegum verkefnistíma lýkur.

Einnig þarf að tryggja að hægt sé að ráðast skjótt í aðgerðir til að treysta byggðir sem verða fyrir áfalli af völdum náttúruhamfara. Sú reynsla sem hefur skapast af klæðskerasaumuðum aðgerðum á Flateyri og Seyðisfirði er góð fyrirmynd.

4. Húsnæðis- og skipulagsmál

4.1. Húsnæðisstefna

Það markaði tímamót þegar Framsókn setti fram á Alþingi fyrstu heildstæðu stefnu í húsnæðismálum á Íslandi. Meginmarkmið er að skapa til lengri tíma jafnvægi á húsnæðismarkaði sem gagnast ekki síst fyrstu kaupendum og þeim sem eru tekju- og eignaminni. Áherslan er á að jafnvægi verði á húsnæðismarkaði þar sem fjölbreytt framboð íbúða mæti þörf og þróun húsnæðis- og leiguverðs sé stöðug.

Húsnæðisstefnan hefur því ekki einungis áhrif á lífsgæði fólks, ráðstöfunartekjur og húsnæðisöryggi. Hún hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar.

4.2. Húsnæðisöryggi

Framsókn leggur áherslu á að landsmenn búi við húsnæðisöryggi og jafnrétti í húsnæðismálum með því að sköpuð verði skilyrði með markvissum húsnæðisstuðningi til að öll hafi aðgengi að öruggu og góðu húsnæði með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði.

4.3. Almenna íbúðakerfið

Framsókn leggur áherslu á að haldið verði áfram uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu með opinberum framboðsstuðningi gegnum stofnframlög og hlutdeildarlán til að treysta húsnæðisöryggi og tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað tekjulægri heimila.

Mikilvægt er að framboð íbúða stuðli að virkum vinnumarkaði og styðji við öflug vinnusóknarsvæði um allt land.

Skýrt markmið er um að auka húsnæðisöryggi tekju- og eignalægri einstaklinga og fjölskyldna, stuðning við fyrstu kaupendur, heimili með þunga framfærslubyrði og þá sem búa við markaðsbrest á húsnæðismarkaði. Í þeim aðgerðum þarf að stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu.

Sérstök áhersla verður því á að vinna að því að lækka húsnæðisbyrði fyrir tekju- og eignaminni með því að auka framboð af hagkvæmu húsnæði á leigumarkaði. Hér á landi er óhagnaðardrifið leiguhúsnæði aðeins lítill hluti af heildarleigumarkaði, eða um 2-3%. Framsókn vill setja fram metnaðarfull markmið um að auka þetta hlutfall.

4.4. Aukið framboð á húsnæði

Stærsta áskorunin í húsnæðismálum á komandi árum snýr að framboðsmarkmiðinu: Að tryggja nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði. Mikilvægt er að móta skýra stefnu um hvernig bregðast eigi við stóraukinni fólksfjölgun á Íslandi á sama tíma og framboð íbúða hefur ekki aukist í takt við íbúafjölgun.

Skortur á húsnæði kallar á að allar leiðir séu skoðaðar til að auka framboð lóða undir íbúðarhúsnæði, t.d. með upptöku svæðisskipulags. Horfa þarf til jákvæðra hvata, svo sem endurgreiðsla gjalda þegar verið er að byggja upp grænt húsnæði.

Lífeyrissjóðum verður auðveldað að koma að uppbyggingu á íbúðarhúsnæði til útleigu með því að rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga í leigufélögum.

Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar hefur veruleg áhrif á eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og hvaða búsetuúrræði þurfa að vera í boði hverju sinni. Til að bregðast við þessu þurfa stjórnvöld, í samstarfi við sveitarfélög, að tryggja óhagnaðardrífnum byggingafélögum ódýrt fjármagn og lóðir til uppbyggingar á lífsgæðakjörnum, leigu-, eigna- og búseturéttaríbúðum fyrir eldra fólk.

5. Fjarskipti og stafrænir innviðir

5.1. Stafræn þróun

Framsókn vill að tækifæri til hagnýtingar nýjustu tækni og þekkingar verði nýtt, svo sem við þróun stjórnsýslu og nýsköpun í opinberri þjónustu. Mikilvægt er að halda áfram að styrkja og efla bæði samstarf sveitarfélaga, sem og samstarf sveitarfélaga og ríkis, um stafræna umbreytingu og aðra nýsköpun.

Áfram þarf að byggja upp verkefnið „Stafrænt Ísland“ til að nýta sem best þær stafrænar lausnir sem þróaðar eru út frá þörfum almennings og fyrirtækja. Við þróun og innleiðingu verði þess gætt að lausnir séu aðgengilegar fyrir alla hópa samfélagsins og þá þarf að huga að sérlausnum fyrir þá hópa sem geta ekki nýtt sér þær stafrænu lausnir sem eru til staðar í dag. Nú þegar hefur náðst mikill árangur og hagræðing og hafa sýslumannsembættin t.d. náð að auka hraða afgreiðslunnar markvert með aukinni stafvæðingu. Halda þarf áfram á þessari braut og horfa til þess í víðu samhengi hvernig reka má öfluga opinbera þjónustu og afgreiðslu um allt land.

5.1. Fjarskiptaöryggi

Öflugir stafrænir innviðir og fjarskiptaöryggi eru forsenda aukinnar nýsköpunar og fjárfestinga í stafrænum heimi. Tryggja þarf bæði öruggar gagnatengingar við útlönd, sem og hraðari uppbyggingu stafrænna innviða um allt land.

Framsókn vill jafnframt hraða stefnumótun stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi, með áherslu á netöryggi til að tryggja auðkenningu og nafnleynd. Tæknin er nútíðin og framtíðin. Fagna ber þeim miklu framförum sem orðið hafa og munu halda áfram, með skýrri stefnu og markvissum leiðum þegar kemur að stafrænu öryggi landsins.

Ísland þykir orðið ákjósanlegur staður fyrir ýmis konar gagnatengda þjónustu og ljóst að öflugur gagnaversiðnaður getur haft jákvæð áhrif á upplýsingatækniiðnað hér á landi. Hugsa þarf vel að öryggismálum og staðsetningu gagnavera, einkum þeim sem sinna íslenskum fyrirtækjum. Þá þarf að huga vel að vaxandi orkuþörf og hvernig orkunotkun gagnavera á Íslandi er háttáð.

5.2. Ísland fulltengt

Ísland leiðir í nýtingu ljósleiðara í Evrópu. Þessi árangur skýrist af metnaðarfullri uppbyggingu ljósleiðara undanfarin ár, sem Framsókn var í forystu um undir heitinu Ísland ljóstengt. Þar var horft til þess að dreifbýlið fengi aðgang að ljósleiðaratengingu en nú er tímabært að stíga næsta skref í þessum málum.

Ísland fulltengt verður forgangsmál hjá Framsókn þannig að minni þéttbýlisstaðir, sem búa við markaðsbrest, fái ljósleiðaratengingu og geti þannig tekið þátt í fjórðu iðnbyltingunni og íbúar þeirra búi við sömu lífsgæði og aðrir íbúar landsins sem felast í góðum fjarskiptum.

5.3. Fjarskiptaöryggi á þjóðvegum

Framsókn leggur áherslu á að fjarskiptaöryggi á þjóðvegum landsins verði tryggt og þau svæði sem eru utan þjónustusvæðis fjarskiptafyrirtækjanna verði eflað með fjölgun senda. Mikilvægt er að þessir innviðir séu nýttir til fullnustu fyrir notendur. Á þetta einnig við um Tetra fjarskiptakerfið. Tryggja þarf einnig að lágmarki aðgengi að einni hljóðvarpsrás í öllum byggðum landsins og meðfram helstu stofnvegum. Samhliða þessari uppbyggingu fjarskiptamála sé stefnt að því að tryggja lágmarks tengingar á öllum heimilum landsins.

